

331. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 18. ágúst 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisstjórnar, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Anna María Práinsdóttir byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

1. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Kynning frá Studio Jæja á stöðu verkefnis um breytingu á skipulagi Kirkjubrautar. Undir þessum lið sitja Hildur Gunnlaugsdóttir og Bjarki Gunnar Halldórsson.

Skipulags- og umhverfisstjórn þakkar Studio Jæja fyrir kynningu á verkefninu. Gestir víkja af fundi.

2. 2502156 - Grundaskóli - lausar kennslustofur (gámar)

Samningur á milli Akraneskaupstaðar og Efnisveitunnar varðandi tilhögun á sölu gáma við Grundaskóla lagður fram.

Skipulags- og umhverfisstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning við Efnisveituna.

3. 2504121 - Bjarkargrund 26 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa varðandi skipulagsbreytingu á Bjarkargrund 26. Fyrirhugað er að byggja við húsið, skipta út gömlu þaki, hækka lofthæð og byggja ofan á þak og burðarvirki hússins.

Skipulags- og umhverfisstjórn hefur áður tekið neikvætt í erindið. Bent er á í því samhengi niðurstöðu skipulagsfulltrúa í minnisblaði sem lagt var fram á fundi ráðsins þann 22. maí sl.

4. 2502165 - Vesturgata 133 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa varðandi skipulagsbreytingu á Vesturgötu 133. Í breytingu felst stækkun Sólstofu til suðvesturs, hækkun þaks og útlitsbreyting, viðbygging á annari hæð íbúðarhúss á suðausturhlíð.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til að breytingin verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum Vesturgötu 131, 134, 135 og 136.

5. 2507080 - Elínarvegur 13a - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis. Sótt er um að færa byggingarreit Elínarvegs 13A nær lóðarmörkum um 2m einning er sótt um að heimila íbúðarhúsnæði á lóð, suðurhlutar á lóðinni.

Skipulags- og umhverfiráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

6. 2508017 - Suðurgata 87 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akratorgsreit. Til stendur að fella út núverandi staðsetningu á bílastæði bílastæði verði þess í stað við austurenda lóðar við Suðurgötu 87, milli 87 og 89.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði kynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni verði á höndum lóðarhafa.

7. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltrúa

Breyting á lóð Innnesvegur 1 felst í að heimilt verði að reka bílþvottastöð í núverandi húsnæði á lóð. Breytingin á deiliskipulag Flatahverfis klasa 5 og 6 var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. febrúar 2025 til 23. mars 2025. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð hefur farið yfir stöðu málsins og skipulagsfulltrúa falið að leggja fram greinargerð sem svar við athugasemdum.

8. 2508045 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Breyting á Aðalskiplagi Akraness 2021 - 2033 breyting felst í að sérákvæði eru sett fyrir reit VÞ-212 sem gefa heimild fyrir starfsemi bílþvottastöð umfram núverandi ákvæði um verslun og þjónustu. Aðalskipulagsbreyting var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. febrúar til 25. mars 2025.

Skipulags- og umhverfisráð hefur farið yfir stöðu málsins og skipulagsfulltrúa falið að leggja fram greinargerð sem svar við athugasemdum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:34.

Guðrún - Sigrún Guðjón.
Requar Samundsson
Anna Solvæð Smaradottir